

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um uppfærslu innkaupastefnu og innkaupareglna

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að koma með tillögu að endurskoðaðri innkaupastefnu og innkaupareglum fyrir Reykjavíkurborg.

Greinargerð

Reykjavíkurborg á að beita markvissum og öguðum vinnubrögðum við innkaup. Eftirlit með innkaupum og innkaupaheimildum skal eft. Tryggja þarf ráðdeild í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar. Fylgja þarf *Græna planinu*, sem er yfirstefna borgarinnar. Reykjavíkurborg getur með innkaupum sínum haft mikil áhrif á samfélagið, mannréttindi og loftslagsbreytingar en á sama tíma sýnt ráðdeild í rekstri.